



Til aðildarhafna Hafnasambands Íslands

Reykjavík 14. september 2026

250001HA BG
Málalykill: 30.03

Efni: Boðun hafnasambandsþings 2026

Í samræmi við 5. gr. laga Hafnasambands Íslands boðar stjórn Hafnasambandsins til 45. hafnasambandsþings sem haldið verður í Hljómahöllinni í Reykjanesbæ, dagana 22. og 23. október 2026.

Samkvæmt 4. gr. laga hafnasambandsins velja aðildarhafnir fulltrúa á hafnasambandsþing og skal fulltrúafjöldi miðast við árstekjur skv. ársreikningi hafnasjóðs næstliðins árs að undanskildum óreglulegum tekjum. Upplýsingar um fjölda fulltrúa hvers hafnasjóðs má finna í meðfylgjandi skjali sem og á [vef Hafnasambands Íslands](#).

Varafulltrúar á hafnasambandsþing skulu valdir jafnmargir. Heimilt er aðildarhöfn að senda fleiri fulltrúa en þá sem hafa atkvæðisrétt en greiða þarf 25.000 kr. fyrir hvern aukafulltrúa sem sækir þingið.

Kjörgengir á hafnasambandsþing og í stjórn Hafnasambands Íslands eru kjörnir fulltrúar í sveitarstjórnnum og hafnarstjórnnum, auk varamanna þeirra. Að auki eru kjörgengir starfsmenn hafna og sveitarfélaga.

Þingfulltrúar sjá sjálfir um ferðatilhögun og gistingu. Er fundarmönnum bent á að bóka gistingu hið fyrsta. Upplýsingar um gistimöguleika voru sendar á aðildarhafnir í janúar sl.

Þess er óskað að sveitarstjórnir/hafnarstjórnir tilkynni um kjör fulltrúa á hafnasambandsþing eigi síðar en 14. október nk. með því að skrá viðkomandi á þingið á [vef Hafnasambands Íslands](#).

Virðingarfyllt

HAFNASAMBAND ÍSLANDS

Lúðvík Geirsson

formaður stjórnar Hafnasambands Íslands

